



Vestfjarðastofa

VESTFJARÐASTOFA

FRÉTTABRÉF JANÚARMÁNAÐAR 2025



VESTFJARÐASTOFA
SUÐURGATA 12
400 ÍSAFJÖRÐUM



FV@VESTFIRDIR.IS



WWW.VESTFIRDIR.IS



450-6600

FÍNASTI JANÚAR OG FERÐAÞJÓNUSTAN

Sigríður Ó. Kristjánsdóttir

Framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu

Janúar ársins 2025 hefur mallað áfram nokkuð tíðindalítill. Auðvitað eru alltaf einhverjar veðurviðvaranir og lokanir á vegum, flug fellur niður og fleira í þeim dúr, en þar sem við búum á norðlægum slóðum kippum við okkur ekkert endilega upp við slíkt. Kannski er líka allt í lagi að eiga tíðindalítinn mánuð á heimavígstöðvunum þegar mikil tíðindi eru af bæði landsmálum og heimsmálum.

Þó hefur ýmislegt á daga okkar drifið hjá Vestfjarðastofu í mánuðinum og ætla ég hér að beina sjónum að ferðaþjónustunni. Ferðaþjónustan er ótvírætt einn af okkar mikilvægu vaxtarbroddum. Það skiptir miklu að hún vaxi og dafni og við þurfum að hlúa henni og með því setjum við fleiri egg í körfu öflugssamfélags og efnahagslífs á Vestfjörðum.

Markaðsstofufólkið okkar er hluti af frábæru teymi markaðsstofa um allt land sem hélt ferðakaupstefnuna Mannamót. Síðustu ár hefur Ferðaþjónustuvikan verið haldin í tengslum við viðburðinn og það er gaman að sjá að Íslandsstofa, Íslenski ferðaklasinn og fleiri hafa gengið til liðs við Markaðsstofur landshlutanna. Ferðaþjónustan er nefnilega atvinnugrein allra landshluta með aragrúa af litlum fyrirtækjum sem skapa frábært framboð þjónustu.

Markaðsstofurnar eru málsvavarar fyrirtækja um allt land auk þess að vera í fararbroddi kynningar landshlutanna. Gott samstarf við Íslandsstofu sem annast markaðssetningu alls Íslands, bæði vöru og þjónustu er gríðarlega mikilvægt og krefst mikils samtals og trausts. Markaðsstofurnar eru síðan líka áfangastaðastofur og sjá um að vinna áfangastaðaáætlanir sem varða alla uppbyggingu grunngerðar fyrir atvinnugreinina í hverjum landshluta. Að þeirri vinnu koma fyrirtæki í ferðaþjónustu, sveitarfélög og í raun allir sem áhugasamir eru um atvinnugreinina.



Ferðaþjónustan á Vestfjörðum hefur ekki vaxið á sama hátt og í öðrum landshlutum. Hún hefur þó vaxið gríðarlega síðustu ár, einkum þegar kemur að móttöku skemmtiferðaskipa á Vestfjörðum. Líklega eru Vestfirðir sá landhluti sem samtals fær flest skemmtiferðaskip í heimsókn. Öll sveitarfélög á svæðinu nema eitt fá heimsóknir einhverra skipa sem gerir þjónustu við skipin að mikilvægri tekjulind fyrir fjölmargar hafnir og þjónustuaðila á svæðinu.

Enn er árstíðasveifla greinarinnar mikil á Vestfjörðum. Með bættum samgöngum og uppbyggingu gististaða getur ferðaþjónustu vaxið hér fiskur um hrygg og orðið á næstu 10 árum mun öflugri heilsársatvinnugrein og er unnið markvisst að því hjá Vestfjarðastofu. Hér er einnig unnið gerð nýrrar áfangastaðaáætlunar og geta áhugasöm tekið þátt til í þeirri vinnu á næstu mánuðum. Farið er á ferðasýningar, fyrirtæki hvött til að taka þátt í verkefnum sem geta eft þau og styrkt í samkeppninni. Við aðstoðum blaðamenn og áhrifavalda og höldum úti vefjum og samfélagsmiðlum. Það er ávallt í nægu að snúast og miðar öll vinna stöðugt að því að vera Vestfjörðum til heilla.

VIÐ SYNGJUM SÓLARPÖNNUKÖKULAG

Gylfi Ólafsson

Formaður Fjórðungssambands Vestfirðinga
og Vestfjarðastofu

Um þetta leyti í fyrra datt mér eitt í hug: Þyrftu Vestfirðingar ekki að eiga lag um sólarpönnukökur?

Hugmyndin fór smám saman að taka á sig mynd. Lagið þyrfti að henta til samsöngs grunnskólabarna, til dæmis með tilliti til tónsviðs og flækjustígs. Þá væri gaman ef í því væri stef sem ungir nemendur í lúðrablæstri gætu spilað.

Og þar sem lag rímar við dag lá viðlagið frekar ljóst fyrir. En versin voru snúnari. Minnugur varnaðarorða sögumannsins í Sjálfstæðu fólki (sem voru eitthvað á þá leið að líf Bjarts í Sumarhúsum væri eins og vísurnar hans; of dýrt kveðnar til að hafa nokkra merkingu) ákvað ég nú samt að hafa bæði knappar rímaðar línur og ljóðstafi. Úr varð texti sem vissulega er nokkuð tyrfinn, en klukkar það sem ég vildi segja. Lagið birti ég svo í bók sem ég gaf út í haust, Lög frá Ísafirði, en þá hafði það ekki verið enn flutt opinberlega.

Nú kunna að vera mismunandi dagsetningar sem fólk miðar við í Skutulsfirði enda kemur sólin ekki í allan fjórðinn sama dag. Sólardagurinn er fyrr í janúar á Patreksfirði og Bolungarvík og í febrúar á Bíldudal. Ég hef vanist 25. janúar sem viðmiðunardegi fyrir Ísafjörð og það varð úr að ég notaði það. Svo er það líka fínt rímorð.

Þegar dagurinn nálgast hafði ég samband við grunnskólann og tónlistarskólann og vini mína tvo sem kunna að taka upp hljóð og mynd. Allir tók mjög vel í erindið. Þann 25. bar upp á laugardag í ár og því var frumflutningurinn í vikunni á undan, sem gaf tækifæri til að klippa myndbandið og birta lagið í tæka tíð.



Lagið fékk mikla dreifingu á samfélagsmiðlum.

Mikið má þakka því hve skólabörn í yngstu bekkjum eru krúttleg og hve vel heppnað myndbandið hans Hauks er. Myndbandið dregur einnig fram það ástar-haturs-samband sem við eigum við óblíð náttúruöflin. Þetta getur verið bölvað bras, en á sama tíma er þetta það rekka dregur heimatúna til. Við bitum á jaxlinn þegar stormarnir geysa, og úðum í okkur pönnsum með fólkinu okkar þegar rofar til. Namm.

Élin koma jakabla og dimm,
í janúar á vetri hörðum.
Ég tel þá upp í tuttugu og fimm,
og tek á móti sól úr fjallaskörðum.

Þorri hefst með þrumulíkum gný
og þungir stormar halda vöku.
Gott mér finnst að gleðjast þá á ný
og gæða mér á sólarpönnuköku.

Það er sólardagurinn í dag.
Við syngjum pönnukökulag;
sólarpönnukökulag.

TVEIR NÝJIR STARFSMENN TIL VESTFJARÐASTOFU



Vestfjarðastofa

Erna Lea nýr verkefnastjóri farsældar

Erna Lea Bergsteinsdóttir hefur verið ráðin í starf verkefnastjóra farsældar hjá Vestfjarðastofu. Auglýst var eftir umsóknum í nóvember síðastliðnum og bárust 10 umsóknir um starfið.

Erna Lea er með meistaraþráðu í félagsráðgjöf til starfsréttinda frá Háskóla Íslands. Hún hefur undanfarið starfað sem félagsráðgjafi í barna- og fjölskylduteymi hjá velferðarsviði Kópavogsbæjar. Jafnframt hefur hún reynslu af því að vinna með börnum og unglíngum í félagsmiðstöðvum og hefur verið aðstoðarmaður dósents við Háskóla Íslands. Starfsnámi sínu í félagsráðgjöf sinnti Erna meðal annars hjá Vesturbyggð.

Erna er nýr íbúi á Vestfjörðum. Hún verður búsett á Bíldudal og mun vinna á starfsstöð Vestfjarðastofu í Ólafshúsi á Patreksfirði. Erna Lea kemur til starfa hjá Vestfjarðastofu í febrúar og við hlökkum til samstarfsins og bjóðum hana velkomna í hópinn.



Embla Dögg verkefnastjóri Brothættra byggða í Reykhólahreppi

Embla Dögg Bachmann hefur verið ráðin sem verkefnastjóri Brothættra byggða í Reykhólahreppi. Verkefnið er til 5 ára og er hluti af samstarfsverkefni Byggðastofnunar, Vestfjarðastofu og Reykhólahrepps. Um er að ræða 100% starf með starfsstöð á Reykhólum. Starfið var auglýst laust til umsóknar í lok nóvembermánaðar og bárust fimm umsóknir um það.

Embla stundar nám í viðburðastjórnun við Háskólann á Hólum. Hún sat í sveitarstjórn Reykhólahrepps síðasta kjörtímabil, sá um Reykhóladaga á liðnu sumri og var kosningastjóri Samfylkingarinnar í Norðvesturkjördæmi í nýafstöðnum Alþingiskosningum. Hún á rætur að rekja til Reykhóla og hefur búið þar undanfarin ár. Embla Dögg kemur til starfa hjá Vestfjarðastofu í febrúar og við hlökkum til samstarfsins og bjóðum hana velkomna í hópinn.





SPJALL UM VIÐFANGSEFNI LIÐANDI STUNDAR
HEITT Á KÖNNUNNI & KRUÐERÍ -
VETTVANGUR JAFNINGJAFRÆÐSLU OG
SAMTALS VIÐ RÁÐGJAFNA VESTFJARÐASTOFU

Priðjudaginn
18. febrúar
kl. 10
í Vestrahúsinu

VETTVANGUR Á VESTFJARÐASTOFU

Við hjá Vestfjarðastofu höfum mikla trú á töfrunum sem felast í óformlegu spjalli og einnig á jafningjafraeðslu þar sem fólk sem deilir svipaðri reynslu sækir í þekkingarbrunn hvers annars. Þess vegna höfum við ákveðið að vera með morgunkaffi, undir yfirskriftinni Vettvangur, einu sinni í mánuði. Þar geta frumkvöðlar og ferðaþjónar komið saman til skrafs og ráðagerða á Vestfjarðastofu sem staðsett er á jarðhæð Vestrahússins á Ísafirði. Þetta er sérstaklega tækifæri fyrir einyrkja í bransanum að eiga þess kost að deila reynslu sinni, áskorunum og væntingum með öðrum í svipuðum sporum. Við riðum á vaðið með fyrsta Vettvanginn þriðja þriðjudag janúarmánaðar. Við höldum ótrauð áfram og bjóðum ykkur hjartanlega velkomin á næsta Vettvang þriðjudaginn 18. febrúar kl.10.


Það sem við hjá Vestfjarðastofu viljum líka gera með þessu er að leggja við hlustir. Ef við sjáum og finnum að verið er að kalla eftir tilteknum upplýsingum, þjónustu og öðru er einnig hægt að nýta vettvanginn til að bregðast við því. Með helstu verkefna Vestfjarðastofu, og innan hennar Markaðsstofu Vestfjarða, er að vera til staðar fyrir vestfirska frumkvöðla og ferðaþjóna. Ráðgjafar leggja sig fram um að þjónusta með ráðum og dáð, hvort heldur sem er í ráðgjöf við einstaklinga og fyrirtæki, upplýsingagjöf með ólíkum miðlunarleiðum eða ýmiskonar viðburðum bæði í mannheimum sem og á netinu. Vettvangur er einn liður í þeirri þjónustu.

HAFSJÓR AF HUGMYNDUM STYRKIR SPENNANDI VERKEFNI

Sjávarútvegsklassi Vestfjarða í gegnum Hafsjó af hugmyndum hefur úthlutað styrkjum að heildarupphæð 2.8 milljón króna til verkefna háskólanema. Þetta er í fimmta sinn sem styrkjum er úthlutað og það er alltaf spennandi að sjá umsóknirnar sem berast og hversu fjölbreytt verkefni eru. Ný tækifæri, vistfræði, umhverfisáhrif og tækninýjungar er meginþemað í ár og áhugavert að sjá hvernig þau þróast. Verkefni að þessu sinni eru unnin í samstarfi við Rannsóknarsetur HÍ í Bolungavík, Hafró, HG, Háskóla Vestfjarða og Háskólann á Akureyri.

Verðmætasköpun í laxi er viðfang Dags Benediktssonar við Háskólann á Akureyri og ætlar hann að skoða hver áhrif aukinnar vinnslu á hagnað og atvinnu á Vestfjörðum gætu orðið. Michelle Valliant við Háskóla Íslands skoðar hvað áhrif af mannavöldum hafa á hegðun þorsks. Uppsöfnun á þungmálum í einni tegund er viðfangsefni Sydney Bateman við Háskóla Vestfjarða, en í verkefni hans verður uppsöfnun þungmálma mæld í steinkrabba, sem er talin framandi, ágeng tegund við strendur Íslands. Stærð og kynþroski sex tegunda mjóna verður skoðað af Alexis Bradley við Háskóla Vestfjarða. Mjóni er tegund sem ekki er nytjafiskur en mikilvægt er að rannsaka fleiri tegundir en nytjategundir í vistfræðilegum rannsóknum. Asit Y Rahman við Háskóla Vestfjarða ætlar að vinna sína rannsókn í samstarfi við björgunarsveitirnar til að greina segulmerki í fjörðunum við Ísafjarðardjúp. Að lokum fékk Benedek Regoczi við Háskóla Vestfjarða styrk fyrir verkefni sem snýr að því að byggja brú á milli rannsókna á hvöllum í Ísafjarðardjúpi og samfélagsins með útgáfu fræðsluefnis.

Við óskum styrkþegum innilega til hamingju og viljum einnig nýta tækifærið til að þakka þeim sem hafa áður fengið styrki úr Hafsjó af hugmyndum fyrir framlagið. Mikilvægt er að rannsaka umhverfi sitt til að byggja upp haldbæra þekkingu og sjá hvar ný tækifæri kunna að leynast hvort heldur sem er fyrir fræðafólk eða atvinnulíf. Með Hafsjó af hugmyndum er ætlað að fjölga rannsóknum sem nýtast til framtíðar og skapa ný tækifæri á Vestfjörðum.



KOLEFNISJÖFNUN Á VESTFJÖRÐUM KYNNT Í VÍSINDAPORTI

Hjörleifur Finnsson verkefnastjóri umhverfis- og loftslagsmála hjá Vestfjarðastofu var gestur í Vísindaporti Háskólaaseturs Vestfjarða föstudaginn 17. Janúar. Þar kynnti hann niðurstöður nýtkominnar skýrslu um kolefnisjöfnun á Vestfjörðum. Skýrslan er liður í gerð loftslagsstefnu fyrir sveitarfélögin á Vestfjörðum þar sem meðal annars er kveðið á um áætlun um kolefnisjöfnun. Markmið skýrslunnar er að skapa þekkingargrunn á einföldu skýrsluformi til þess að gera sveitarfélögum á Vestfjörðum kleift að setja sér markmið um kolefnisjöfnun í loftslagsstefnu, auk aðgerða til að ná þeim markmiðum. Í skýrslunni voru skoðuð verkefni í sem þyrftu helst að eiga sér stað á Vestfjörðum og deildi Hjörleifur með gestum Vísindaportsins helstu niðurstöðum.

Þar sem skýrslur geta reynst tyrfið efni til aflesturs höfum við tekið saman kynningarbækling um málið sem [lesa má hér](#).



KOLEFNISJÖFNUN Á VESTFJÖRÐUM: HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Mikilvægasta markmið sveitarfélaga í loftslagsmálum er að draga úr losun gróðurhúsa-lofttegunda. Til viðbótar þarf að skoða leiðir til að kolefnisjafna þá losun sem ekki tekst að koma í veg fyrir. Sveitarfélög geta keypt kolefniseiningar til jöfnunar en einnig eru tækifæri fyrir þau til framleiðslu á kolefniseiningum.



FORVITNIR FRUMKVÖÐLAR FÓRU VEL AF STAÐ

Fyrsti fyrirlestur Forvitinna frumkvöðla fór fram þriðjudaginn 7. janúar, en það er fyrirlestraröð á vegum landshlutasamtakanna á Íslandi:

Austurbrúar, SASS, SSNE, SSNV, SSS, SSV og Vestfjarðarstofu. Það var Arnar Sigurðsson sem reið á vaðið og fjallaði fyrirlestur hans um frumkvöðlaferlið, sem er vel við hæfi til að setja tóninn fyrir framhaldið hjá þeim fjölmörgu gerðum frumkvöðla sem fyrirfinnast hér á landi. Gaman var að sjá góða mætingu á viðburðinn og finna þakklætið fyrir framtakið.

Fyrirlestur Arnars var skemmtilegur og vekjandi í ljósi þess sem frumkvöðlar standa frammi fyrir. Áhugavert var að heyra Arnar tala um að fólk tengi ekki endilega við hugtakið frumkvöðull og skilgreini sig sjálfst síður sem slíkan. Auk þess að fjalla um hvað einkennir frumkvöðla (og ekki) fer hann í gegnum helstu stig ferlisins við að koma hugmynd yfir í raunheima og hvað frumkvöðlar þurfa að hafa í huga. Fyrirlestur Arnars er hægt að sjá hér.

Ráðgjafar um land allt

Í ráðgjafavinnu okkar hjá Vestfjarðastofu höfum við stundum rekið okkur á eitt það sem Arnar kom inn á að fólk tengi ekki endilega við það að vera frumkvöðull, það nýti sér ekki endilega þau fjölmörgu verkfæri og úrræði sem standa frumkvöðlum til boða. Það má þó segja að hvort sem tengingin við frumkvöðlahugtakið sé fyrir hendi eður ei og hvort sem fólk tengi beint við að það fái við nýsköpun: ef þú ert með nýja hugmynd sem þig langar að fylgja úr hlaði – heimsæktu atvinnuráðgjafa í þínum landshluta! Þar er kostur á ráðgjöf sem snert getur á ólíkum þáttum frumkvöðlaferlisins, auk þess sem þar er þekking á sjóðakerfinu sem fyrirfinnst hér á landi og á verkfærakistum sem hægt er að nýta sér.

Við hvetjum fólk til að setja sig í samband ef það vill koma verkefnum sínum á koppinn. Atvinnuráðgjafar um landið halda líka almennt vel utan um umsóknarfresti í ólíka sjóði, en einnig má benda á styrkjadagatal skapa.is.

FORVITNIR FRUMKVÖÐLAR
FRUMKVÖÐLAFERLIÐ - MEÐ ARNARI SIGURÐSSYNI

SSNE
Samtök sveitarfélaga í atvinnuþróun á Norðurlandi eystra

Vestfjarðastofa

AUSTURBRÚ
þekking - þróun - þjónusta

SSS
SAMBAÐ SVEITARFÉLAGA Á SUÐURNESJUM

SSV

SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA

Þriðjudaginn
7. janúar
Klukkan |
12:00
Á TEAMS

10

MERSE: HVAD HÖFUM VIÐ LÆRT TIL ÞESSA?

Vestfjarðastofa tekur þátt í NPA-verkefninu MERSE. Vinnan fram til þessa hefur að mestu snúist um gagnaöflun, sem fól meðal annars í sér greiningu á þekkingargrunni innan þátttökulandanna fimm, sem auk Íslands eru Svíþjóð, Írland, Finnland og Noregur og kortlagningu samfélagslegrar nýsköpunar í þeim.

Netráðstefna MERSE

Í síðasta mánuði var haldin netráðstefna á vegum MERSE undir yfirskriftinni:

„What is needed to make it easier to start and develop sustainable social enterprises in rural areas?“ Dagskráin innihélt meðal annars kynningu á MERSE-verkefninu og niðurstöður þeirrar vinnu sem þegar hefur verið framkvæmd, auk annarra áhugaverðra erinda. Ráðstefnan er aðgengileg á netinu og má horfa á hana hér <https://www.youtube.com/watch?v=37sfuugEpUY>

Það sem vinnan á vegum MERSE hefur helst leitt í ljós til þessa er:

- Gögn um samfélagslega nýsköpun eru ónákvæm og stuðningskerfi ólík milli landa.
- Skortur er á fjármögnunarmöguleikum fyrir verkefni og fyrirtæki á sviði samfélagslegrar nýsköpunar.
- Rannsóknir hafa aðallega beinst að skilgreiningu samfélagslegrar nýsköpunar en vantar dýpri greiningu á forsendum, árangursríkum verkefnum og viðskiptamódelum.

Meðal þess sem gert var til að kortleggja stöðuna var að framkvæma könnun meðal samfélagsfrumkvöðla í þátttökulöndunum og sýna niðurstöður að meirihluti fyrirtækja er eldri en 10 ára, og 72% þeirra eru rekin af konum. Meðalaldur eigenda er 52 ár og meðalfjöldi starfsmanna er fimm. Framlegð fyrirtækjanna er lægri en hjá hefðbundnum fyrirtækjum, og hagnaður oftast endurfjárfestur í fyrirtækinu sjálfu. Helstu áskoranir sem samfélagsfrumkvöðlarnir standa frammi fyrir eru ónóg fjármögnun, skortur á sýnileika og erfiðleikar við að ná til markhópa.

NPA-verkefni

MERSE er samstarfsverkefni innan Norðurslóðaáætlunarinnar (NPA; Northern Periphery and Arctic Programme) sem er samstarfsvettvangur Evrópusambandsríkjanna Írlands, Svíþjóðar og Finnlands og svo Noregs, Íslands, Grænlands og Færeyja. Markmið Norðurslóðaáætlunar 2021-2027 er að stuðla að samstarfsverkefnum sem miða að því að finna lausnir á sameiginlegum viðfangsefnum samstarfslandanna, stuðla að sjálfbærri þróun og nýsköpun í norðlægum og dreifðum byggðum Evrópu. Oft er talað um verkefni sem styrkt eru af áætluninni sem NPA-verkefni.



Interreg



Co-funded by
the European Union

MERSE

Northern Periphery and Arctic

MANNAMÓT 2025

MARKAÐSSTOFA LANDSHLUTANNA

FIMMTUDAGINN 16. JANÚAR Í KÓRNUM Í KÓPAVOGI



Markaðsstofa
landshlutanna

#Mannamót

AÐSÓKNARMET Á MANNAMÓT

Mannamót Markaðsstofa landshlutanna voru haldin með pomp og prakt 16. janúar síðastliðinn í Kórnum í Kópavogi. Ferðasýningin var í ár haldin í ellefta sinn og hefur hún vaxið og dafnað með hverju árinu. Það hefur margt breyst frá fyrstu Mannamótunum sem haldin voru í flugskýli á Reykjavíkflugvelli og er hún í dag stærsta ferðasýningin á Íslandi. Að þessu sinni, sem áður reyndar, var múgur og margmenni í Kórnum þar sem tæplega 1600 skráðir sýnendur og gestir komu saman og reiknast okkur til að aldrei hafi fleiri verið á Mannamótum.

Mannamót hafa þá sérstöðu að í sýningunni taka þátt fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum, gömul og ný, frá öllum landshlutum. Segja má að Mannamót séu fyrst og fremst kjörinn vettvangur til tengslamyndunar innan ferðaðjónustunnar; þar má efla tengsl við núverandi viðskiptavinum, mynda ný tengsl og ekki síður til að kynnast samstarfsaðilum um allt land.

Á vestfirsku ganginum voru 17 sýnendur alls staðar að af kjálkanum. 20 fyrirtæki skráðu sig í upphafi en þrír sýnendur forfölluðust og hafa aldrei fleiri skráð sig til leiks, sem fyrir okkur er vísbending um að ferðaðjónar skynji vel virði þess að taka þátt í Mannamótum. Vestfirsku sýnendurnir drógu upp góða mynd af þeirri fjölbreyttu flóru ferðaðjónustu sem er í fjórðungnum.



Mannamót eru búin að skapa sér sess sem gríðarmikilvægur vettvangur innan ferðaðjónustu á Íslandi, viðburður þar sem allir í ferðaðjónustunni koma saman. Til að auka ávinning Mannamótanna og nýta tækifærið sem felst í því að allir komi í efninu saman, á sama stað á landakortinu, var fyrir nokkrum árum ákveðið að blása til Ferðaðjónustuviku dagana fyrir Mannamótin. Að Ferðaðjónustuvikunni koma auk Markaðsstofa landshlutanna, Ferðamálastofa, SAF, Íslandsstofa og Ferðaklasinn.

Dagskráin í ferðaðjónustuvikunni var glæsileg og þar boðið upp á fjölbreytta viðburði. Í þetta sinn var það: Nýármálastofa ferðaðjónustunnar, markaðssamtal ferðaðjónustunnar, MICELAND kynningarvettvangur, Dagur ábyrgrar ferðaðjónustu, ferðatæknimót og fræðsla um hvað við vitum um slys í ferðaðjónustu. Hápunktur ferðaðjónustuvikunnar er svo ávallt hin stórskemmtilegu Mannamót.

MEÐBYR VIÐMIÐ VIÐ MÓTUN SVÆÐISSKIPULAGS VESTFJARÐA 2025-2050

Frumdrög svæðisskipulags Vestfjarða eru nú aðgengileg á heimasíðu okkar, en þau verða fyrsta heildstæða skipulagsáætlunin um þróun samfélags á Vestfjörðum og að því standa öll sveitarfélögin á svæðinu í gegnum Fjórðungssamband Vestfirðinga. Það er VSÓ ráðgjöf og Úrbana skipulagsráðgjöf sem sjá um gerð Svæðisskipulags Vestfjarða fyrir Fjórðungssambandið og svæðisskipulagsnefnd Vestfjarða.

Frumdrögin lýsa niðurstöðu samráðs við íbúa og aðra aðila og ljóst er að trú íbúa og sveitarfélaga er að vöxtur samfélaga og atvinnulífs á Vestfjörðum á síðustu árum muni halda áfram með fjölgun íbúa, eflingu innviða og öflugra atvinnulífi.

Unnið er með ólíka valkosti samfélagsþróunar næstu 25 árin, byggð á spám um mannfjöldaþróun. Í frumdrögunum er að finna umfjöllun um þær framtíðarmyndir sem lagðar voru til grundvallar í skipulagsvinnunni. Þær voru upphaflega fimm og vísa til veðrabrigða: mótvindur, andvari, meðbyr, gustur og ofsi. Þessar framtíðarmyndir voru svo speglaðar við sviðsmyndir sem voru unnar fyrir Vestfirði, „Vestfirðir á krossgötum“ og við lýðfræðilega þróun samfélaga á Íslandi og Norðurlöndum. Á samráðsfundum með íbúum sem haldnir voru viðvegar um Vestfirði á nýliðnu ári völdu íbúar hvaða framtíðarmynd þeir töldu líklegasta til að raungerast og hvaða þeir myndu helst vilja sjá rætast. Meðbyr þótti líklegastur til að raungerast en það sem íbúar vildu helst sjá rætast var gustur.

Á 69. Fjórðungspingi Vestfirðinga sem haldið var í Bjarnafirði sl. haust, kaus vestfirskt sveitarstjórnarfolk um andvara, meðbyr og gust til að verða viðmið við mótun svæðisskipulagsins. Óhætt er að segja að kosningin hafi verið æsispennandi. Andvari komst ekki á blað, en meðbyr sigraði með 51% greiddra atkvæða og gustur kom fast á hæla hans með 49%.

FRUMDRÖG

**SVÆÐISSKIPULAG
VESTFJARÐA
2025-2050**



22 UMSÓKNIR Í VERKEFNASJÓÐ PÚKANS

Púkinn, barnamenningarhátíð á Vestfjörðum, verður haldin dagana 31. mars til 11. apríl. Í desember var opnað fyrir umsóknir um verkefnastyrki og var hægt að sækja um til 23. janúar. 22 spennandi umsóknir bárust og sinnir úthlutunarnefnd nú því vandasama verki að ákvarða styrkveitingar. Von er á niðurstöðum hennar í næstu viku.

Undirbúningur er kominn á fullt skrið og vonumst við til að hátíðin verði sem ánægjulegust fyrir börn um alla Vestfirði. Ef þið lumið á hugmyndum um dagskrárliði hvetjum við ykkur til að láta slag standa og við getum orðið að liði við að móta hugmyndina eða verið til halds og trausts ef þess er þörf. Mikilvægur liður í að vel takist til er að allir leggist saman á árarnar til að skapa góða hátíð. Þannig má tryggja hana í sessi og auka aðgengi vestfirskra barna að listum og menningu sem getur lifað með þeim um langa tíð.

Breytingar eru að eiga sér stað á verkefnisstjórn Púkans en Vilborg Pétursdóttir tekur við stjórnartaumunum af Skúla Gautasyni sem verður þó áfram í vinnuhóp Púkans auk Önnu Sigríðar Ólafsdóttur.

Allar helstu upplýsingar um Púkann er að finna á heimasíðu okkar www.vestfirdir.is/pukinn og verður dagskrá þar að finna þegar nær dregur. Við hvetjum öll til að fylgjast með og taka þátt hvar sem því verður við komið.



MARKAÐSSTOFA VESTFJARÐA Á MID-ATLANTIC

Sölvi og Vilborg hjá Markaðsstofu Vestfjarða halda brátt suður yfir heiðar til þátttöku á ferðakaupstefnunni Icelandair Mid-Atlantic. Sýningin er nú haldin þrítugasta sinn og er hún veigamikill liður í landkynningu Norður-Atlantshafseyjanna þriggja til erlendra kaupenda sem vilja senda ferðafólk til Íslands, Færeyja og Grænlands. Með Sölva og Vilborgu í för verða Westfjords Adventures sem reka ferðaþjónustufyrirtæki á Patreksfirði.

Ferðakaupstefnan verður haldin í Laugardalshöll dagana 30. og 31. janúar og er von á fjölda gesta frá öllum heimshornum. Mid-Atlantic er nú haldin annað hvert ár. Hún er einn þeirra lykilviðburðum sem Markaðsstofa Vestfjarða tekur þátt í og hluti af heildstæðri áætlun Markaðsstofunnar um að efla sýnileika svæðisins á alþjóðavettvangi.



SÓKNARÁETLANIR 2025-2029 UNDIRRITAÐAR

Þann 28. janúar fór fram í Norræna húsinu undirritun Sóknaráætlanasamninga til næstu fimm ára á milli landshlutasamtaka sveitarfélaga og þriggja ráðuneyta. Ráðherrarnir Eyjólfur Ármannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, Logi Einarsson, menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra og Jóhann Páll Jóhannsson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra mættu til undirritunarinnar fyrir hönd sinna ráðuneyta og fyrir hönd Vestfjarðastofu, sem sinnir framkvæmd Sóknaráætlunarsamningsins við Vestfirði fyrir Fjórðungssamband Vestfirðinga, mættu Sigríður Kristjánsdóttir og Gylfi Ólafsson.

Framlög ríkisins til samninganna árið 2025 nema samtals 865,7 milljónum króna og framlög sveitarfélaga samtals 93,9 milljónum króna. Alls nema heildarframlög ríkis og sveitarfélaga til sóknaráætlana því um 960 milljónum kr. Skipting á milli framlaga frá ráðuneytunum er að inn í samninginn kemur 552,1 m.kr. frá innviðaráðuneytinu, 223,6 m.kr. frá háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu og 90 m.kr. frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu. Heimilt er að semja um framlög annarra aðila að samningnum.

Markmiðið með sóknaráætlunum er að stuðla að jákvæðri og sjálfbærri byggðaþróun, treysta stoðir menningar, efla atvinnulíf og nýsköpun, styðja við áherslur um umhverfis- og loftslagsmál og auka þannig samkeppnishæfni landshluta og þar með landsins alls. Þá er markmiðið einnig að efla samráð hjá stjórnvöldum og milli landshluta og tryggja gagnsæi við úthlutun opinberra fjármuna. Sóknaráætlanir landshluta eru stefnumótandi áætlanir sem fela í sér stöðumat viðkomandi landshluta, framtíðarsýn, markmið og aðgerðir til að ná þeim markmiðum. Markmiðið er að ráðstöfun fjármuna sem varið er til verkefna í einstökum landshlutum á sviði samfélags-, umhverfis- og byggðamála byggi á áherslum heimafélks.

Forsögu sóknaráætlana má rekja allt aftur til ársins 2011 þegar hugmyndafræðin var fyrst mótuð og sett fram í stefnuýfirlýsingunni Ísland 2020 og voru fyrstu samningar um sóknaráætlanir landshluta voru gerðir árið 2013. Verklag sóknaráætlana hefur reynst vel og almenn ánægja er með það, bæði meðal ríkis og sveitarfélaga. Samningarnir eru gerðir á grundvelli sveitarstjórnarlaga og gilda í fimm ár í senn.



STYRKUMSÓKNAGERÐ Í FORVITNUM FRUMKVÖÐLUM

Annað erindi í fyrirlestraröð landshlutasamtakanna, Forvitnir frumkvöðlar, fer fram á Teams þriðjudaginn 4. febrúar kl. 12. Þar mun Þórunn Jónsdóttir fara yfir gerð styrkumsókna, en hún hefur skrifað yfir 300 umsóknir yfir dagana. Markmið Þórunnar er að deila þekkingu sinni og reynslu sem víðast, enda trúir hún því að allir geti skrifað árangursríka styrkumsókn fáir þeir til þess góðan stuðning og réttu tólin.

Fundurinn verður haldinn á TEAMS og er [hægt að skrá sig á með því að smella hér](#). Einnig er hægt að finna viðburðinn á Facebook og hvetjum alla sem hafa áhuga að mæta og deila þessu áfram til áhugasamra frumkvöðla.

Sjáumst á TEAMS þriðjudaginn 4. febrúar kl. 12.

FORVITNIR FRUMKVÖÐLAR UMSÓKNASKRIF - MEÐ ÞÓRUNNI JÓNSDÓTTUR



Vestfjarðastofa



AUSTURBRÚ
þekking - þróun - þjónusta



SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA



Þriðjudaginn
4. febrúar

Klukkan |
12:00
Á TEAMS